## 22. Loðmundur og Þrasi.

3 blöð qto. Reykjavík, 9.janúar 1937.

# Lodmundur og Þrasi

Lodmundur bjó að Sólheimum í Mýrdal og var fjölkunnugur mjög, en Þrasi bjó að Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum. Einhver smávegis nágrannakritur hefir sennilega verið milli karlanna, því að Lodmundi fanst hann hafa ástæðu til að sýna Þrasa meinbægni nokkra og þótti því betri, sem meir um munaði, enda veitti hann hinni ferlegu Jökulsá vestur á bóginn, yfir landflæmi mikið, graslendi gott og frjósamt, er lá milli fjalls og fjöru, alla leið milli bæjanna, Sólheima og Skóga, en það er 5 til 6 rasta vegur, frá austri til vesturs, og fyllilega jafnlöng leið frá fjalli til fjöru. Af þessari áveitu Lodmundar á land Þrasa varð svo til hinn víðáttumikli Skógasandur.

Það þóttust menn með sanni vita, þá er Þrasi var dauður, að hann hefði í lifanda lífi fólgið fé sitt allt í kistu einni stórri og komið henni fyrir, áður en hann dæi, í Keri einu undir Skógafossi, en sá foss er næst-hæsti foss á Íslandi, eða 58 metrar á hæð. Liggur fossinn milli Ytri-Skóga og Drangshlíðardals, tignarlegur mjög og fríður ásýndum, en fram undan fjallinu, sem hann steypist ofan af, eins og reyndar víðasthvar fram undan Eyjafjöllum, eru rennisléttar grundir og grasivafðar engjar, uns að Holts-ósi kemur, sem er víðáttumikið lón eitt milli grundanna og malarkambs þess, er liggur meðfram því og sjónum. Er Holts-ós myndaður af mörgum ám, þar á meðal Ýr-á, Holtsá, Kverná o.fl.

Eins og áður er sagt nam vegarlengdin frá Eyjafjöllum til sjávar vera 5-6 rastir víðasthvar og nær Skógasandur vestur undir Holts-ós. Eyvindarhólar o.fl. bæir eru nokkru vestar, og Drangshlíð og Skarðshlíð eru einnig

austan óssins.

Séu bæirnir undir Austur-Eyjafjöllum taldir frá austri til vesturs meðfram Eyjafjöllum, er röðin þessi.
Eystri-Skógar, Ytri-Skógar, Drangshlíðardalur og Drangshlíð, þá Skarðshlíð, Hrútafell, Rauðafell, Raufarfell, Selkot, Seljavellir, Lambafell, Þorvaldseyri, Núpakot, Hvoltunga og Steinar. Neðan Hrútafells er Hrútafellskot, Eyvindarhólar, Hólakot, Klömbrur, Borg og Sitjandi.
En neðan Raufarfells eru Rauðsbakki, Önundarhorn, Miðbælisbakkar, Himinborg og Gíslakot.
Neðan Þorvaldseyrar eru Ystabæli, Nýlenda, Mosar og Svaðbæli, en neðan Steinabæjanna eru Berjanes og Berjanes-kot.
Séu bæirnir undir Vestur-Eyjafjöllum taldir á sömu leið, er röðin þessi:
Varmahlíð, Holtshverfi, Vallnatún, Grundarbæir (Syðsta-Mið- og Efsta-Grund) Indriðakot, Hellnahóll, Skálabæir 3, Núpur, Hvammur, Sauðhúsvöllur, Fit, Fitjarmýri o. fl. Þá Seljaland, Hamragarðar, Ysti-dalur, Stóri-dalur, Eyvindarholt og Merkurbæir.

— o —

Nú þóttust menn vita hvar Þrasi hafði fólgið fé sitt í hinni stóru kistu sinni og komið henni fyrir undir Skógafossi. Vildu þeir því freista þess að ná fénu. Kistuna fundu þeir og komu bandi í keng nokkurn, er var í öðrum gafli hennar, en sakir þyngsla kistunnar og fjár þess, er hún hafði að geyma, slitnaði bandið, en kistan sat kyrr. Við aðra tilraun dróst kengurinn úr öðrum gafli kistunnar og sat hún enn kyrr. Með togbandinu fylgdi aðeins kengurinn, vænn mjög og afar gildur, er hann nú í kirkjuhurðinni að Eyvindarhólum og þykir vera hið mesta gersemi. Hefir enginn maður gjört

svo djarfur að gjöra tilraun til að ná í kistu þessa gamla í Skógum síðan, með því að freista þess að ná í hring þann, er gjöra má ráð fyrir að enn sé í hinum gafli kistunnar og fé þessa, þess, er enn kann að vera geymt undir fossinum. En sagt er, að fáir líti svo til fossins, að eigi komi þeim í hug, að gagn og gaman væri að því að eiga hinn gilda sjóð, er menn hyggja, að enn í dag sé þar geymdur.

---

Einkennileg mjög eru þau og mörg skringileg, örnefnin í túninu að Ytri-Skógum. Eru hér nokkur þeirra:

| | |
|---|---|
| Réttaskifti | Réttaskifti |
| Illugabrekka | Þorkelstún |
| Þorkelstún | Rófa |
| Rófa | Lækjarskáli |
| Lækjarskáli | Armæða |
| Rotarófa | Forarskáli |
| Klaustur | Lambhúsbrekka |
| Sam-sleggja | Bleik-ála |
| Hádegisgerði | Hádegisgerði |
| Beinateigur | Beinateigur |
| | Úlfhildarklof |

Tvíbýli er á jörð þessari og liggja túnin saman, sem eitt tún væri, og er það allt í skákum, yfir 20 talsins, hver innan um aðra, sem liggja saman og hver við aðra, svo að nöfnin eru víða hin sömu á tveim skákunum, eins og hér er greint að ofan. Fyrri nöfnin heyra til vestur-bænum, hin austari bænum.

9.-1.-'37 [illegible signature]